

Viðmiðunarreglur um samskipti Stóru-Vogaskóla við trúar- og lífsskoðunarfélög.

Fræðslunefnd samþykkir að eftirfarandi viðmiðunarreglur verði hafðar að leiðarljósi í samskiptum Stóru-Vogaskóla við trúar- og lífsskoðunarfélög ¹

- a) Hlutverk skóla er að fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni.
- b) Trúar- og lífsskoðunarfélög stunda ekki starfsemi sína innan veggja Stóru-Vogaskóla á skólatíma. Þetta á við allar heimsóknir í lífsskoðunar- og trúarlegum tilgangi og dreifingu á boðandi efni. Með boðandi efni er átt við hluti sem gefnir eru eða notaðir sem hluti af trúboði, það er tákngripir, fjölfölduð trúar- og lífsskoðunarrit, bækur, hljóðrit, prentmyndir og kvikmyndir. Ekki er átt við efni sem tengist fræðslu er stuðlar að menningarlæsi barna.
Um almenna kynningu gagnvart foreldrum og börnum á viðurkenndu barna- og æskulýðsstarfi trú- og lífsskoðunarfélaga skal fara líkt og með kynningu á hliðstæðum frístundatilboðum frjálsra félagasamtaka í skólastarfi.
- c) Skólustjórnendur grunnskóla geta boðið fulltrúum trúar- eða lífsskoðunarfélaga að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði/lífsleikni sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni, og fer þá heimsóknin fram undir handleiðslu kennara.
- d) Heimsóknir á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga á skólatíma grunnskóla eiga sér stað undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu um menningu, trú og lífsskoðanir, samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá.
- e) Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sessi sínum í árstíðabundnum skemmtunum og starfi grunnskólans, þar með taldir jólasálmar, helgileikir og heimsóknir í trúar – og lífsskoðunarfélög tengd hátíðum.
- f) Skólayfirvöld beini því til trúar- og lífsskoðunarfélaga að þau skipuleggi fermingarfræðslu og barnastarf með það að leiðarljósi að það hvorki trufla lögbundið skólastarf um skemmri eða lengri tíma.
- g) Ef áfall verður í Stóru-Vogaskóla er unnið samkvæmt samþykktri áfallaáætlun skólans.
- h) Trúarlegar guðspjónustur sem tengjast viðbrögðum við áfalli fara að öllu jöfnu fram utan skólatíma.
Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna úrskurðar Fræðslunefndin í þeim efnum.

¹ Lífsskoðunarfélag er félag sem byggist á siðferði og lífsskoðunum óháð trúarsetningum og tengja má við þekkt hugmyndakerfi í heimspeki og siðfræði.